

Ársskýrsla 2012

Búsetudeild Akureyrarbæjar



Mynd: Jón Óskar Ísleifsson

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	1
1 Almenn um búsetudeild og verkefni hennar	2
1.1 Skipurit og starfsfólk búsetudeildar	2
1.1.1 Rekstarniðurstöður búsetudeildar fyrir árið 2012	4
1.1.2 Helstu magntölur í þjónustu deildarinnar og samanburður við fyrri ár.....	5
2 Starfsemin 2012.....	6
2.1 Þjónustusamningar – notendastýrð persónuleg aðstoð	6
2.2 Framkvæmd búsetustefnunnar	6
2.3 IPA.....	7
2.4 Siðareglur.....	7
2.5 Markviss.	8
3 Heimaþjónusta.....	9
3.1.1 Starfsmenn heimaþjónustu	9
3.2 Almenn félagsleg heimaþjónusta.....	9
3.2.1 Ráðgjöfin heim	10
3.2.2 Gránufélagsteymi	11
3.2.3 Heildarkostnaður við almenna félagslega heimaþjónustu.....	11
3.3 Sérstök heimaþjónusta	12
3.4 Heimsendur matur	13
4 Ráðgjöf iðjuþjálfar.....	15
5 Heilsueflandi heimsóknir til aldraðs fólks	16
6 Félags- og þjónustumiðstöðvar aldraðra	17
7 Félagsleg liðveisla	20
8 Búsetuþjónusta fyrir fatlað fólk.....	22
8.1 Sambýli og íbúðakjarnar fyrir fólk með þroskahömlun	23
8.2 Áfangaheimili og íbúðakjarnar fyrir geðfatlað fólk	23
8.3 Biðlistar eftir búsetuþjónustu.....	24
9 Skammtíavistun.....	25
10 Árholt	27

1 Almennt um búsetudeild og verkefni hennar

Búsetudeild Akureyrarbæjar veitir ýmis konar þjónustu sem miðar að því að styðja við sjálfstæða búsetu fólks og/eða skapa fólki aðstæður til að lifa sem eðlilegustu lífi á heimili sínu þrátt fyrir skerðingu á færni sem kann að fylgja hækkandi aldri, fötlun eða veikindum. Auk þess að þjónusta Akureyringa sinnir deildin þjónustu við íbúa nokkurra annarra sveitarfélaga samkvæmt þjónustusamningum þar að lútandi.


Réttur fólks til að fá þjónustu byggir annars vegar á þeim lögum sem skylda sveitarfélög til að veita þjónustuna og hins vegar á greiningu á þörf í hverju tilviki fyrir sig. Starfsfólk búsetuþjónustunnar skoðar hverja beiðni, metur þörfina í samráði við umsækjanda og finnur leiðir til úrlausnar.

Þjónusta sem búsetudeild veitti á árinu 2012:

- Heimaþjónusta (félagsleg heimaþjónusta og frekari liðveisla)
- Heimsendur matur
- Félagsleg liðveisla
- Búseta með þjónustu (sambýli, þjónustuíbúðir, áfangaheimili, heimili f. börn)
- Skammtímvistun fyrir fatlað fólk
- Ráðgjöf iðjuþjálfar
- Tómsundastarf aldraðra
- Dagþjónusta aldraðra
- Heilsueflandi heimsóknir til aldraðra


1.1 Skipurit og starfsfólk búsetudeildar

Á búsetudeild störfuðu á árinu 2012, 320 manns í 183 stöðugildum. Konur voru í meirihluta starfsmanna en þær voru í 70% stöðugilda en karlmenn í 30% stöðugilda. Þessi skipting hefur verið nokkuð jöfn undanfarin ár.



Mynd 1 – Kynjaskipting stöðugilda hjá búsetudeild 2008-2012

Starfsemi búsetudeildar er vítt og breytt um bæinn en skrifstofan er til húsa að Glerárgötu 26, annarri hæð. Mynd 2 sýnir skipurit búsetudeildar.



Mynd 2 – Skipurit desember 2012

1.1.1 Rekstarniðurstöður búsetudeildar fyrir árið 2012

Tafla 1 – Rekstarniðurstöður búsetudeildar fyrir árið 2012 (í þúsund krónum)

	2011	2012	Mismunur milli ára
Tekjur	-24.734	-29.076	
Laun og launatengd gjöld	30.415	33.485	
Annar kostnaður	16.051	19.649	
Skrifstofa búsetudeildar	21.733	24.058	11%
Tekjur	-32.078	-31.051	
Laun og launatengd gjöld	36.173	38.611	
Annar kostnaður	40.055	40.013	
Þjónustumiðstöð Víðilundi	44.150	47.573	8%
Tekjur	-3.064	-3.010	
Laun og launatengd gjöld	6.515	6.961	
Annar kostnaður	13.629	14.820	
Þjónustumiðstöð Bugðusíðu	17.080	18.771	10%
Tekjur	-7.275	-7.651	
Laun og launatengd gjöld	7.268	7.098	
Annar kostnaður	368	419	
Heilsuefandi heimsókn til aldraðra	362	-135	-137%
Tekjur	-8.000	-260	
Laun og launatengd gjöld	10.067	10.355	
Annar kostnaður	1.603	1.738	
Gránufélagsteymi	3.670	11.833	222%
Tekjur	-6.564	-6.165	
Laun og launatengd gjöld	30.407	37.821	
Annar kostnaður	3.051	7.175	
Félagsleg liðveisla fatlaðra	26.894	38.830	44%
Tekjur	-8.703	-6.393	
Laun og launatengd gjöld	22.643	19.613	
Annar kostnaður	5.038	5.442	
Skólavistun fatlaðra í Árholti	18.978	18.663	-2%
Tekjur	-8.720	-11.219	
Styrkir og framlög	157.800	18.676	
Laut, athvarf f. geðfatlaða	7.080	7.458	5%
Tekjur	-34.655	-35.659	
Laun og launatengd gjöld	129.175	134.313	
Annar kostnaður	39.792	43.515	
Heimabjónusta A	134.312	142.169	6%
Tekjur	-59.106	-65.549	
Laun og launatengd gjöld	116.180	122.800	
Annar kostnaður	6.508	6.779	
Heimabjónusta B	63.582	64.030	1%
Þjónustukaup	150.823	159.024	
Sameiginlegur kostnaður	150.823	159.024	5%

	2011	2012	Mismunur milli ára
Laun og launatengd gjöld	63.572	72.118	
Annar kostnaður	294	289	
Búsbjónusta Geislatúni og Hafnarstræti	63.866	72.407	13%
Laun og launatengd gjöld	63.579	66.589	
Annar kostnaður	672	774	
Þjónustukjarni Klettatúni	64.251	67.363	5%
Laun og launatengd gjöld	30.251	32.383	
Annar kostnaður	298	339	
Þjónusta við Glerá	30.549	32.722	7%
Laun og launatengd gjöld	67.179	68.699	
Annar kostnaður	381	412	
Sambýli Hafnarstræti	67.560	69.111	2%
Laun og launatengd gjöld	44.341	47.646	
Annar kostnaður	409	261	
Sambýli Dvergagili	44.750	47.907	7%
Laun og launatengd gjöld	73.442	75.327	
Annar kostnaður	746	803	
Sambýli Snægili	74.188	76.130	3%
Laun og launatengd gjöld	116.345	119.279	
Annar kostnaður	1.087	1.916	
Þjónustukjarni Þratarlundi	117.432	121.195	3%
Laun og launatengd gjöld	58.511	62.232	
Annar kostnaður	3.955	4.299	
Þjónustukjarni Hafnarstræti	62.466	66.531	7%
Laun og launatengd gjöld	70.145	79.089	
Annar kostnaður	1.609	1.056	
Þjónustukjarni Kjalarsíðu	71.754	80.145	12%
Laun og launatengd gjöld	10.887	12.545	
Annar kostnaður	36	59	
Sambýli Jörvabyggð	10.923	12.604	15%
Tekjur	-4.975	-5.123	
Laun og launatengd gjöld	48.020	65.042	
Annar kostnaður	10.813	11.858	
Skammtíðavistun Skólastíg 5	53.858	71.777	33%
Laun og launatengd gjöld	70.134	104.582	
Annar kostnaður	4.072	4.337	
Búsetubjónusta við geðfatlaða	74.206	108.919	47%
Húsaleigutekjur	-20.822	-20.728	
Niðurgreiðsla á húsal. og öryggisv.	33.522	47.958	
Húsnæðiskostnaður Búsetudeildar	12.700	27.230	114%
Heildarkostnaður Búsetudeildar	1.237.167	1.386.315	12%

1.1.2 Helstu magntölur í þjónustu deildarinnar og samanburður við fyrri ár

Tafla 2 – Helstu magntölur í þjónustu deildarinnar og samanburður við fyrri ár

	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012
Einstaklingar sem fengu heimaþjónustu	707	717	677	658	679	735	782	732	785	804	803
Heimili sem fengu heimaþjónustu	561	584	560	537	566	592	630	614	575	562	584
Stöðugildi í félagslegri heimaþjónustu	31,2	30	29,2	29,6	33,9	35,5	37,2	39,3	38,77	45,3	46,5
Einstaklingar sem fegnu heimsendan mat	115	119	113	108	126	126	159	146	148	161	134
Einstaklingar sem fengu félagslega liðveislu	129	110	122	100	110	106	115	100	107	114	125
Fjöldi sem fengu > en 10 klst á viku í heimaþj.	3	3	6	6	13	12	14	15	15	15	18
Einstaklingar í þjónustukjörnum og sambýlum	45	46	46	46	45	46	46	48	49	49	51
Börn í búsetuþjónustu	3	3	3	3	3	1	1	1	2	2	1
Stöðugildi í búsetuþjónustu	75	74	74,5	73	75,5	85	84	85,5	95	97,8	101,2
Fjöldi notenda skammtímavistunar	20	22	28	31	26	27	25	23	20	21	21
Einstaklingar í dagþjónustu aldraðra	55	52	56	49	49	50	48	61	59	57	50
Beiðnir um ráðgjöf iðjuþjálfar		134	121	96	82	90	120	104	130	153	149
Einstaklingar sem fengu heilsueflandi heimsóknir	189	146	152	119	147	419	528	284	382	526	542

2 Starfsemin 2012

2.1 Þjónustusamningar – notendastýrð persónuleg aðstoð

Þjónustusamningar, þar sem fatlað fólk eða foreldrar fatlaðra barna sem töldu hefðbundna þjónustu ekki henta, voru gerðir á árinu, eins og áður. Fyrstu samningarnir voru gerðir árið 2006 og því er komin hefð á slíka samningagerð. Á árinu 2012 voru gerðir fjórir samningar vegna fimm einstaklinga. Eins og áður fengu notendur greitt frá stofnunum Akureyrarbæjar upphæð sem samsvaraði þeirri opinberu þjónustu sem þau hefðu annars fengið.

Í júní gaf velferðarráðuneytið út leiðbeinandi reglur fyrir sveitarfélög um innleiðingu notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar (NPA). Félagsmálaráð Akureyrarbæjar ákvað að taka þátt í verkefninu á innleiðingartímanum sem reiknað er með að standi til loka árs 2014. Í kjölfarið var farið að vinna að gerð reglna fyrir Akureyrarbæ. Í desember 2012 samþykkti Akureyrarbær reglur um notendastýrð persónulega aðstoð – NPA. Þjónustumagn er ákvarðað út frá fötlun viðkomandi, aldri barnsins (þegar um barn er að ræða) og mati á þjónustuþörf.

Samningsaðilar eru fatlað fólk eða foreldrar fatlaðra barna auk búsetudeildar (skammtí mavistun, heimaþjónusta, lengd viðvera fyrir fötluð börn eldri en 10 ára og félagsleg liðveisla) og fjölskyldudeildar (stuðningsfjölskylda, hæfingarstöð). Einstaklingar/foreldrar fá greiðslu einu sinni í mánuði og sjá sjálf um að útfæra þá þjónustu sem mætir best þörfum þeirra.

2.2 Framkvæmd búsetustefnunnar

Á árinu urðu nokkrar breytingar á húsnæði fatlaðs fólks og haldið áfram að vinna að því að auka einkarými í búsetu eins og reglur kveða á um. Tveimur herbergjasambýlum, Brálundi og Ægisgötu var lokað. Þá var tekin í notkun íbúðakjarni í Hafnarstræti þar sem veitt er sólarhringsþjónusta og um leið var hægt að taka inn nokkra af biðlista. Á árinu var einnig lokið við breytingar á sambýlinu við Þrastarlund þannig að nú eru þar einstaklings íbúðir og um leið var húsnæðið stækkað þannig að nú geta þar búið sjö manns í stað fimm áður. Jafnframt því keypti bærinn þær eignir ríkisins þar sem fatlað fólk býr.

Mörg brýn verkefni eru nú til úrlausnar og á síðasta ári hófst m.a. undirbúningur að byggingu íbúða fyrir ungmenni og endurnýjunar á húsnæði fyrir skammtí mavistun. Einnig er tímabært að það fari að skýrast hvernig atvinnumálum verði háttað til framtíðar.

Mikilvægt er að þróa þjónustuna áfram í þeim tilgangi að bæta hana og nýta það fjármagn sem til ráðstöfunar er sem best. Ákveðin óvissa er um hver fjárframlög verða næstu árin og hvaða áhrif niðurstöður SIS matsins hafa fyrir svæðið. Vonir standa til að það skýrist þegar niðurstöður úr síðasta SIS mati og endurmati liggur fyrir.

2.3 IPA

Á árinu var búsetudeild aðili að tveimur umsóknum um styrk frá Evrópusambandinu. Styrkurinn er veittur öllum ríkjum í aðildar- og viðræðuferli og er almennt kallaður IPA (Instruments of Pre Accession). Hlutverk styrksins er að veita ríkjum fjárhagslegan stuðning þannig að þau séu betur undirbúin við hugsanlega aðild. Í öðru tilvikinu var búsetudeild meðumsækjandi að styrk ásamt Landlæknisembætti, Landsspítala Háskólasjúkrahúsi, Virk starfsendurhæfingu, Hagstofu Íslands og Tryggingastofnun ríkisins en aðalumsækjandi var Háskóli Íslands. Verkefnið fólst í að auka atvinnu og félagslega virkni þeirra sem eru með andleg veikindi.

Hlutverk Akureyrarbæjar er að aðstoða ungt fólk á aldrinum 18-40 ára sem eru að detta úr skóla eða vinnu með víðtækum stuðningi. Áætlunin er að fá aðila víðsvegar úr bæjarkerfinu s.s. fjölskyldudeild, Rósenborg ásamt Virk, Verkmenntaskólan, Sjúkrahúsið á Akureyri og vinnumiðlun til að taka höndum saman og byggja upp heildstæða þjónustu til þessa hóps. Heildarmarkmið verkefnisins er að draga úr hlutfalli þeirra sem eru utan vinnumarkaðar og bæta líðan þessa hóps.

Í hinu tilvikinu er búsetudeild meðumsækjandi að styrk en aðalumsækjandi er Vetrarípróttamiðstöð Íslands. Markmiðið með styrknum er að ráða starfsmann sem getur séð um og skipulagt starfsemi fyrir fatlað fólk sem vill stunda vetraríþróttir. Til þess þarf oft mikinn búnað sem þarf að sjá um auk þess sem þjálfar þarf kennara og leiðbeinendur sem geta unnið með fötluðu fólki að íþróttaiðkun.

2.4 Siðareglur.

Á árinu tóku í gildi siðareglur fyrir allt starfsfólk búsetudeildar. Við ráðningu nýs starfsfólks skrifar það undir þessar reglur auk þess sem þær hafa verið kynntar fyrir öllum núverandi starfsmönnum sem hafa einnig skrifað undir þær. Reglurnar eru í átta greinum og eru eftirfarandi:

1. Starfsmaður skal rækja starfsskyldur sínar óháð þroska þjónustunotanda, kynferði, kynhneigð, þjóðerni, ættarni, fjárhag, trú og litarhætti.
2. Starfsmaður skal veita þjónustu og stuðning af ábyrgð, nærgætni og virðingu með velferð þjónustunotenda að leiðarljósi og gætir þess að skaða ekki, undiroka eða kúga þjónustunotendur né notfæra sér þá á nokkurn hátt.
3. Starfsmaður virðir einkalíf, heimili og eigur þjónustunotenda og sýnir fyllstu þagmælsku um það sem hann kann að komast að í starfi sínu. Virðing og þagnarskylda nær jafnframt til fjölskyldu og vina þjónustunotenda. Þagnarskylda helst eftir að starfi lýkur.
4. Starfsmaður notfærir sér ekki tengsl við þjónustunotendur sjálfum sér til persónulegs eða faglegs framdráttar.
5. Starfsmaður þiggur ekki gjafir, fríðindi né greiðslur frá þjónustunotendum sem túlka má sem persónulega þóknun fyrir greiða. Ef starfsmaður fær gjöf frá þjónustunotanda skal hann láta yfirmann vita, sem metur hvort gjöfin er við hæfi.
6. Starfsmaður stofnar ekki til eða á í kynferðislegu sambandi við þjónustunotendur né aðra þá sem eru honum háðir vegna starfa hans.
7. Starfsmaður sýnir aðstandendum og vinum þjónustunotenda, öðru starfsfólki búsetudeildar svo og starfsfólki samstarfsstofnana virðingu, kurteisi, trúnað og heiðarleika í viðmóti og umræðu.
8. Starfsmaður aflar sér þekkingar til að ná árangri í starfi og er tilbúinn að miðla henni til samstarfsmanna og þjónustunotenda.

2.5 Markviss.

Á árinu tóku starfsmenn í búsetuþjónustu þátt í verkefninu „Markviss“ á vegum Símeypjar, Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar. „Markviss“ metur fræðsluþörf starfsmanna og í kjölfarið er sett upp fræðslutilboð til að mæta þessari þörf. Á árinu tóku starfsmenn þátt í ýmissi fræðslu sem sett hafði verið upp eftir þetta mat og mun þetta verkefni halda áfram næsta ár.

3 Heimaþjónusta

Heimaþjónusta er fyrir þá sem búa í heimahúsum og geta ekki hjálparlaust séð um heimilishald, persónulega umhirðu og nauðsynlegar athafnir daglegs lífs vegna skertrar getu, fjölskyldu-aðstæðna, álags, veikinda, barnsburðar, fötlunar eða af öðrum ástæðum sem metnar eru gildar samkvæmt þeim reglum sem Félagsmálaráð Akureyrar hefur sett.

Heimaþjónusta tekur til eftirfarandi þátta:

- Aðstoð við eigin umsjá.
- Aðstoð við heimilishald.
- Félagslegs stuðnings.
- Aðstoðar við umsjá veikra eða fatlaðra barna.
- Heimsendingar matar.

Markmið heimaþjónustu er að veita aðstoð til sjálfshjálpar þegar því verður við komið. Þannig getur í sumum tilvikum verið um tímabundna heimaþjónustu að ræða.

Matshópur búsetudeildar fundar vikulega og tekur ákvörðun um þjónustuþörf og veitta þjónustu í hverju tilviki fyrir sig.

Félagsleg heimaþjónusta hefur aukist jafnt og þétt í takt við þá stefnu að sem flestir geti búið á eigin heimili í stað þess að vistast á stofnun vegna sjúkdóma eða fötlunar. Undanfarin ár hefur fjöldi þeirra sem fá þjónustu verið svipaður en þeim fjölga sem þurfa mikla aðstoð, t.d. daglega eða oft á dag (mynd 3 og 4). Þjónustan skiptist í tvo hluta; almenna heimaþjónustu og sérstaka heimaþjónustu. Gróf skipting er þannig að almenn heimaþjónusta sinnir þeim sem þurfa allt að 10 klst. aðstoð á viku og öllum þeim sem eru eldri en 67 ára. Það er sú þjónusta sem veitt er samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, en sérstök heimaþjónusta sér um þjónustu við þá sem þurfa meira en 10 tíma á viku eða ef þeir búa nálægt þeim sem fá mikla þjónustu þannig að hagkvæmni er af því að hafa þjónustuna á sömu hendi. Það er sú þjónusta sem tilgreind er í 5. gr. reglugerðar um þjónustu við fatlað fólk á heimili sínu. Heimaþjónusta er veitt allan sólarhringinn, alla daga ársins, en næturvaktin er samstarfsverkefni heimaþjónustu og heimahjúkrunar sem sér um framkvæmd næturþjónustunnar.

3.1.1 Starfsmenn heimaþjónustu

Starfstöðvar heimaþjónustunnar eru nokkrar, þær stærstu eru að Bugðusíðu 1 og í húsnæði Íþróttahallarinnar við Skólástíg. Í Skólástíg er einnig starfsstöð heimahjúkrunar og er mikið samstarf þar á milli.


Stöðugildi í heimaþjónustu voru 46,5 og fjöldi starfsmanna 76.

Bergdís Ösp Bjarkadóttir, iðjupjálfi, er forstöðumaður almennu heimaþjónustunnar og Elfa Björk Gylfadóttir er forstöðumaður sérstöku heimaþjónustunnar.

3.2 Almenn félagsleg heimaþjónusta


Á árinu 2012 fengu 584 heimili almenna félagslega heimaþjónustu sem er nokkuð svipað og undanfarin ár. Eins og sést á mynd 3 þá er stærsti hópur þeirra sem fær almenna félagslega

heimaþjónustu aldrað fólks. Af þeim 429 heimilum aldraðra sem fengu heimaþjónustu voru 308 heimili 80 ára og eldri. Á þeim heimilum bjuggu 393 einstaklingar og jafngildir það að 56% 80 ára og eldri á Akureyri hafi haft almenna félagslega heimaþjónustu.



Mynd 3 – Fjöldi heimila með almenna félagslega heimaþjónustu 2008-2012

Þegar fjöldi vinnustunda (mynd 4) er borinn saman við fjölda þjónustunotenda (mynd 3) kemur í ljós að vinnustundir á hvern aldraðan eru mun færri en hjá öryrkjum. Í þeim hópi er fatlað fólk sem fær mjög mikla þjónustu og hefur tímafjöldi aukist hlutfallslega mest hjá þeim.



Mynd 4 – Fjöldi vinnustunda í heimaþjónustu skipt eftir þjónustuhópum 2008-2012

3.2.1 Ráðgjöfin heim

Ráðgjöfin heim er hluti af almennri félagslegri heimaþjónustu og er ætluð fullorðnum einstaklingum í sjálfstæðri búsetu. Markmið þjónustunnar er að veita faglega ráðgjöf og aðstoð til einstaklinga með fötlun af margvíslegum toga til að takast á við ýmis verkefni daglegs lífs en flestir þjónustubegarnir eiga við sálfélagslegan vanda að etja. Mikil áhersla er lögð á valdeflingu þannig að sá sem fær þjónustuna stýrir henni og stjórnar en ráðgjafinn veitir stuðning.

Á árinu 2012 fengu 39 einstaklingar þjónustu ráðgjafarinnar heim, 28 konur og 11 karlar. Ekki hefur tekist að sinna öllum beiðnum um þjónustu og um áramót voru nokkrir einstaklingar á biðlista. Við ráðgjöfina heim störfuðu á árinu þrír iðjubjálfar í 1,8 stöðugildum.

3.2.2 Gránufélagsteymi


Er hluti af almennri félagslegri heimaþjónustu og er fyrir einstaklinga með geðfötlun og viðvarandi vímuefnavanda. Þjónustan felst í því að starfsmenn eru til aðstoðar frá kl. 10 til kl. 22 alla daga vikunnar. Unnið er eftir hugmyndafræði skaðaminnkandi nálgunar en hún felst í því að draga úr heilsufars-, félags- og efnahagslegum afleiðingum vímuefnaneyslu án þess að krefjast bindindis. Íbúarnir þurfa mjög mismunandi þjónustu en reynt er að mæta hverjum og einum þar sem hann er staddur. Á árinu 2012 fengu 20 einstaklingar þjónustu frá Gránufélagsteyminu.

Starfandi er fagteymi geðlæknis, félagsráðgjafa, þroskabjálfa og forstöðumanns sem er iðjubjálfi. Hlutverk þess er að móta þjónustuna og vera til ráðgjafar um það sem upp kemur í starfseminni. Forstöðumaður búsetuþjónustu fyrir geðfatlaða stýrir þjónustunni þó svo að hún sé hluti af félagslegri heimaþjónustu.

Tölulegar upplýsingar um bæði ráðgjöfina heim og Gránufélagsteymi eru í heildartölum um almenna félagslega heimaþjónustu.

3.2.3 Heildarkostnaður við almenna félagslega heimaþjónustu

Útgjöld til heimaþjónustu hafa hækkað á milli ára en þegar búið er reikna allar tölur á verðlagi ársins 2012 má sjá að útgjöld Akureyrarbæjar hafa aukist um rúm 50% frá árinu 2002. Þá var heimaþjónusta veitt inn á 561 heimili samanborið við 584 heimili árið 2012. Hlutfall greiðslu notenda af heildarkostnaði hefur á þessum tíma lækkað frá 14% í 8%. Við framreikning á kostnaði er notuð launavísitala en laun starfsmanna er stærsti gjaldaliður heimaþjónustu.




Mynd 5 – Kostnaður við almenna félagslega heimaþjónustu 2002-2012 á verðlagi ársins 2012

Eins og sjá má af mynd 5 er heimaþjónusta að mestu greidd af bænum og hlutur notenda hefur farið minnkandi. Árið 2009 var gerð breyting á greiðsluþátttöku notenda

heimaþjónustunnar og nú er eitt gjald fyrir heimaþjónustu, eða kr. 1.000 fyrir klukkustundina. Aðeins er greitt fyrir þríf og aldrei meira en 2 klst. á viku. Raunkostnaður á hverja unna klukkustund árið 2012 var kr. 4.167. Vert er að geta þess að heimaþjónusta er veitt alla daga ársins, jafnt helgidaga sem aðra, og er þessi upphæð því meðaltal heildarkostnaðar við heimaþjónustu og inni í þessari tölu er einnig kostnaður við húsnæði og annar kostnaður sem fellur til við þjónustuna.

3.3 Sérstök heimaþjónusta


Árið 2012 fengu alls 31 einstaklingar sérstaka heimaþjónustu (frekari liðveislu) á Akureyri og einn í Svalbarðsstrandarhreppi, en Akureyrarbær sér um að veita þá þjónustu. Af þeim voru 18 sem fengu meira en 10 klst. þjónustu á viku.



Mynd 6 – Einstaklingar með sérstakan stuðningur (>10 tímar á viku) 2002-2011

Eins og sjá má á mynd 6 hefur mikil aukning orðið í sérstökum stuðningi (frekari liðveislu) á undanförunum árum, aðallega eftir 2005. Fjöldinn segir þó ekki alla söguna því samhliða fjölgun notenda hefur þjónustubörf aukist.

Sífelld fleiri sem fatlast seinna á lífsleiðinni kjósa að búa heima þrátt fyrir mikla þjónustubörf í stað þess að flytjast á stofnun. Því eru nokkur heimili þar sem veitt er allt að sólarhringsþjónusta alla daga ársins og í sumum tilfellum er maki á launaskrá eða er með verktakasamning. Er það gert ef það er vilji þjónustuþegans og makans og hefur reynist vel. Ef þörf er á þjónustu heimahjúkrunar er hún skipulögð í samvinnu við heimaþjónustu sem skipta með sér verkum en sum verk vinna starfsmenn heimahjúkrunar og heimaþjónustu saman. Mikil samvinna er við heimahjúkrun í allmörgum tilfellum.




Mynd 7 – Fjöldi tíma í sérstakri heimaþjónustu (frekari liðveislu)

Á mynd 7 er hægt að sjá þróun í fjölda tíma í sérstakri heimaþjónustu en fyrstu 10 klst. eru taldar með í fjölda vinnustunda almennrar heimaþjónustu í mynd 4.

3.4 Heimsendur matur


Heimaþjónustan sér um heimsendingu matar til þeirra sem vegna veikinda eða skertrar færni geta ekki eldað sjálfir. Þjónusta þessi er í boði alla daga ársins. Maturinn er keyptur frá eldhúsi Hlíðar. Bifreiðastöð Oddeyrar sér um útkeyrslu á heimsenda matnum til kaupenda.

Alls nýttu 134 sér heimsendan mat á árinu. Aldraðir voru 109 og öryrkjar 25, konur voru 83 en karlar 51.



Mynd 8 – Heimsendur matur 2002-2012, fjöldi notenda

Eins og sjá má á mynd 8 hefur þeim heldur fækkað sem kaupa heimsendan mat en kostnaður við heimsendan mat er nánast sá sami (mynd 9).




Mynd 9 – Þátttaka bæjarins og neytenda í greiðslum á heimsendum mat

4 Ráðgjöf iðjupjálfa

Markmiðið með iðjupjálfun er að efla færni, heilsu og vellíðan einstaklingsins í samræmi við þarfir, getu og langanir hans þannig að hann sé eins sjálfbjarga og mögulegt er við þá iðju sem honum er mikilvæg, sé öruggur í daglegu umhverfi sínu og virkur þátttakandi í samfélaginu. Þörf er á iðjupjálfun þegar einstaklingar ná ekki að sinna daglegri iðju á fullnægjandi hátt. Færni við iðju getur breyst í kjölfar sjúkdóms eða annars áfalls. Fólki getur af þessum sökum átt erfitt með að annast sig og sína, vinna heimilisstörf, stunda atvinnu utan heimilis eða njóta annars sem lífið hefur upp á að bjóða.

Iðjupjálfi á búsetudeild veitir ráðgjöf á sviði endurhæfingar, heilsuefningar, vinnuvistfræði og hjálpartækjamála. Hann tekur þátt í mati á heimaþjónustu og annarri þjónustu sem sótt er um til deildarinnar og veitir einnig fræðslu til stofnana og samstarfsfólks. Náin samvinna er við heimaþjónustu og heimahjúkrun og aðra sem koma að málefnum þeirra sem njóta þjónustunnar. Iðjupjálfi fer á heimili fólks og metur færni þess með tilliti til athafna daglegs lífs, metur þörf á hjálpartækjum, kennir á þau, veitir ráðgjöf, sinnir eftirfylgd og fleira. Markmiðið er að notendur geti betur tekist á við daglegt líf sem er þeim og samfélaginu mikilvægt. Notendahópurinn er á öllum aldri og veitt er ráðgjöf inn á heimili, á vinnustaði og í skóla.

Iðjupjálfi hefur á árinu 2012 komið að ráðgjöf varðandi uppbyggingu og breytingar á skammtímavistun/skólavistun, veitt ráðgjöf varðandi breytingar á íbúðum og öðru sem lýtur að aðgengi og fleira. Á síðustu árum hafa iðjupjálfanemar frá Háskólanum á Akureyri verið í vettvangsnámi. Það er liður í námi iðjupjálfanemans en þetta er einnig mikilvægur þáttur í að viðhalda fagkunnáttu á deildinni.



Mynd 10 – Fjöldi beiðna um ráðgjöf iðjupjálfa 2003-2012


Árið 2012 fengu 149 einstaklingar ráðgjöf sem er nokkuð svipað og árið á undan (mynd 10). Meðalaldurinn var 72 ár og aldursbilið frá fjögurra ára upp í 95 ára.

5 Heilsueflandi heimsóknir til aldraðs fólks

Heilsueflandi heimsóknir er þjónusta sem felst í því að öllum 75 ára og eldri, sem búa heima og ekki njóta umfangsmikillar þjónustu, er boðin heimsókn heilbrigðisstarfsmanns einu sinni á ári auk þess sem starfsmenn hafa símatíma alla virka daga. Þjónustan er greidd af ríkinu gegnum samning um rekstur heilsugæslunnar og nær til alls upptökusvæðis Heilsugæslustöðvarinnar á Akureyri. Markmið heimsóknanna er að viðhalda heilbrigði og sjálfstæði sem lengst, að stuðla að sjálfstrausti og auka öryggiskennd. Auk þess að veita ráðgjöf og upplýsingar um ýmsar lausnir á algengum vandamálum og um þjónustu sem í boði er. Síðastliðin ár hafa verið tekin fyrir mismunandi fræðsluefni. Á árinu 2012 var til dæmis lögð áhersla á hreyfingu, hvaða líkamsrækt væri hægt að stunda þrátt fyrir skerta líkamlega færni og hvar væri hægt að stunda hana. Starfsmenn útbjuggu bækling sem þeir gáfu í heimsóknum þar sem meðal annars var bent á heppilegar gönguleiðir í bænum.

Frá upphafi hefur þessu þjónustutilboði verið afar vel tekið og á árinu 2012 þáðu 73% heimsókn eða símtal af þeim sem fengu boð um heimsókn. Um 7% af þeim sem áttu að fá heimsókn fengu hana ekki þar sem þeir höfðu byrjað í heimahjúkrun, farið í dagvist, flutt inn á öldrunarheimili eða látist áður en þeim var boðin heimsókn. Þjónustan er talin vera mikilvæg samskiptaleið milli íbúa og þjónustukerfisins.

Í árslok voru stöðugildin 1,3 boðið var upp á eina heimsókn á árinu en í upphafi var gert ráð fyrir einni til tveimur heimsóknum á ári og ljóst er að bæta þarf við fjárveitingar til þjónustunnar til að halda því þjónustustigi sem stefnt var að.



Mynd 11 – Heilsueflandi heimsóknir 2005-2012

6 Félags- og þjónustumiðstöðvar aldraðra

Þjónustu-og félagsmiðstöðvar aldraðra eru tvær: í Víðilundi 22 og Bugðusíðu 1. Félagsmiðstöðvarnar eru opnar fyrir 60 ára og eldri. Starfsemin er afar fjölbreytt og í stöðugri mótun í samvinnu við notendaráð. Í því sitja 10 kjörnir fulltrúar þeirra sem sækja starfið og er hlutverk þess að taka við ábendingum og gera tillögur um starfsemina. Einnig hefur ráðið veg og vanda að ýmsum upptækum í samvinnu við forstöðumann félagsmiðstöðvanna.

Starfsemin

Starfsemin á árinu 2012 var með töluvert breyttu sniði hvað varðar önnina frá janúar fram til 1. júní. Hún var lituð af afmælisári Akureyrarbæjar og létu notendur þjónustunnar sitt ekki eftir liggja til að gera árið eftirminnilegt. Gerðir voru margir munir sem tengjast Akureyri á einn eða annan hátt. Má þar nefna samvinnuverkefni af hátíðarútgáfu af skjaldarmerki Akureyrarbæjar sem saman stóð úr rúmlega 3000 hekluðum og prjónuðum bútum og tóku rúmlega 100 manns þátt í þeirri samvinnu. Listaverkið var til sýnis á listasafni Akureyrar síðast liðið sumar og fékk mikla athygli og umfjöllun var um það meðal annars í fjölmiðlum.



Mynd 12 – Skjaldarmerki

Vorhátíð

Á hverju vori er hefð fyrir því að farin sé vorferð á vegum félagstarfsins. Í tilefni afmælisársins var ákveðið að bregða út af þeirri venju. Haldin var vegleg vorhátíð í maí sem sóttu tæplega 200 manns og margir góðir gestir komu í heimsókn. Hjónin Lára Sóley og Hjalti sáu um veislustjórn ásamt því að skemmta en auk þeirra sáu um skemmtiatriði Helena Eyjólfsdóttir söngkona og Kór eldri borgara undir stjórn Valmars Valjots.



Mynd 13 – Vorhátíð

Samstarf

Nýtt samstarf hófst í október milli Bugðusíðu og Síðuskóla. Um var að ræða valgrein hjá nemendum í 9. og 10 bekk. Markmiðið með þessu námi var að kynna fyrir nemendum vinnu við mismunandi störf innan skólans og utan. Flest af þessum störfum voru innan skólans svo sem við frímínútnagæslu, eldhús og aðstoð inn í bekk en til að auka fjölbreytni fengu þau einnig að fara á mismunandi staði út í samfélaginu og einn af þeim var félagsmiðstöðin í Bugðusíðu.


Samstarf var einnig við framhaldsskólana á Akureyri en nemendur þeirra komu í kynnisferðir og fengu að taka þátt í starfseminni. Einnig er löng hefð fyrir samstarfi við Háskólann á Akureyri en iðjupjálfa nemar voru á árinu í verknámi til lengri eða skemmri tíma eins og undanfarin ár.



Mynd 14 – Beðið eftir gestum

Hádegismatur

Í hádegi alla daga var boðið upp á mat í Víðilundi. Maturinn var keyptur af eldhúsinu í Hlíð. Á fimmtudögum var hægt að kaupa heitan mat í hádeginu í Bugðusiðu sem naut vaxandi vinsælda. Um var að ræða tilraunaverkefni frá árinu 2009. Fyrst var boðið upp á súpu og brauð en frá árinu 2011 hefur verið boðið upp á heitan mat í stað súpu og má sjá aukningu milli ára eins og mynd 15 sýnir. Hugmyndir eru á lofti um hvort eigi að bjóða upp á heitan mat alla daga.




Mynd 15 – Sala hádegisverðar í Bugðusiðu

Dagþjónustan


Dagþjónustan er mikilvægt stuðningsúrræði fyrir þá sem að staðaldri þurfa eftirlit og umsjá til að geta búið áfram heima. Dagþjónustan er á verksviði ríkisins og rekin af Akureyrarbæ með daggjöldum frá ríkinu. Boðið er upp á flutningsþjónustu að og frá heimili notandans, tómstundaiðju, félagslegan stuðning, fræðslu, ráðgjöf og aðstoð við athafnir daglegs lífs. Þróun undanfarinna ára er í þá átt að notendur eru að jafnaði eldri en áður og með minni líkamlega og andlega færni. Þjónustuna nýttu alls 50 einstaklingar á árinu, 40 konur og 10 karlar, en pláss er fyrir 16 gesti á hverjum tíma.

Eins og sjá má á mynd 16 hefur gestum heldur

fækkað. Jafnframt því að gestum fækkaði þá var einnig töluverð fækkun á komum í dagþjónustu á árinu (mynd 17). Ein ástæða þess er hugsanlega sú að fleiri dagþjónustugestir nýttu sér skammtímadvöl á Öldrunarheimilinu Hlíð.




Mynd 16 – Dagþjónustugestir á ári, 2005-2012



Mynd 17 – Dagþjónusta 2007-2012

Á myndinni hér að neðan má sjá hversu margir dagþjónustugestir hafa flutt í fast pláss hjá Öldrunarheimilum Akureyrar eða látist á árinu.



Mynd 18 – Fluttir eða látnir

Innra starf


Á hverjum degi er mikil starfsemi í dagþjónustunni, gestir geta fengið aðstoð við bað, stólaleikfimi er alla daga og fastir liðir eru vikulega s.s. söngur, lestur ásamt því að gestir geta sótt viðburði í félagsstarfinu. Einnig var farið í ferðir um bæinn og notið þess sem hann hefur upp á að bjóða.

Níunda samstarfsár leikskólans Lundarsels og dagþjónustu Víðilundar hófst haustið 2012. Á árinu hittust hóparnir fjórum sinnum. Í mars komu leikskólabörnin frá Lundarseli í heimsókn í Víðilund og áttu skemmtilega samverustund með dagþjónustugestum. Í maí fóru dagþjónustugestir í heimsókn á Lundarsel til þess að horfa á generalprufu vorhátíðar leikskólans. Í lok nóvember hittust hóparnir aftur við laufabrauðsútskurð og í desember tóku börnin þátt í litlu jólum dagþjónustugesta í Víðilundi.

7 Félagsleg liðveisla


Félagsleg liðveisla er ætluð fötluðu fólki sem þarf stuðning með það að markmiði að rjúfa félagslega einangrun og styrkja viðkomandi einstaklinga í félagslegum samskiptum. Markmið er að auka færni einstaklinga til að njóta menningar og félagslífs.

Þjónustu í formi félagslegrar liðveislu fengu 125 einstaklingar um lengri eða skemmri tíma, 32 konur yfir 18 ára og 38 karlar yfir 18 ára fengu liðveislu á árinu, 19 stúlkur undir 18 ára og 36 drengir undir 18 ára aldri.



Mynd 19 – Einstaklingar með liðveislu 2012

Aukningin í fjölda þeirra sem fá liðveislu er um 9% á milli ára. Á mynd 20 má sjá hver þróun hefur verið í fjölda liðveislu frá árinu 2002.




Mynd 20 – Félagsleg liðveisla 2002-2012. Notkun eftir kynjum

Flestir einstaklingar fá úthlutað 10 tímum á mánuði. Einstaklingar sem einnig eru með umtalsverða heimaþjónustu fengu yfirleitt úthlutað átta tímum á mánuði. Tíu einstaklingar fengu úthlutað fleiri tímum en 10 á mánuði þar sem talin var þörf á aukinni þjónustu fyrir viðkomandi aðila.

Algengast er að einn starfsmaður annist félagslega liðveislu við hvern einstakling. Á þessu er þó undantekning og á árinu voru þrír liðveitendur með tvo liðþega. Á árinu var tilraunaverkefni í hópliðveislu fyrir einstaklinga á starfsbraut í VMA. Alls eru 11 einstaklingar í þeim hópi, allt strákar. Hópliðveisla er einnig veitt á sundæfingum hjá sundfélaginu Óðni með sérstökum samningi við félagið.

Starfsmenn í félagslegri liðveislu voru tæplega 90 og allir ráðnir í tímavinnu. Heildartíma fjöldi á árinu 2012 var 9195 tímar í þessum tölum eru taldir 231 tímar seldir öðrum sveitarfélögum. Auk þess voru 1224 tímar veittir til íbúum sambýla og íbúakjarna.

Heildarkostnaður félagslegrar liðveislu er 38.831.387.- krónur. Launakostnaður er 37.793.431.- krónur með launatengdum gjöldum.




Mynd 21 – Útgjöld til félagslegrar liðveislu á verðlagi ársins 2012

8 Búsetupjónusta fyrir fatlað fólk

Töluverðar breytingar voru á þjónustu við fatlað fólk á síðasta ári. Þann 1. janúar 2011 tók í gildi ný reglugerð um þjónustu við fatlað fólk á heimili sínu nr. 1054/2010. Í þeirri reglugerð er lögð áhersla á þjónustu frekar en húsnæði og búið er að taka út ýmis hugtök um mismunandi búsetuform sem enn eru mikið notuð í þjónustu við fatlað fólk eins og sambýli, þjónustukjarnar og áfangaheimili. Í stað þeirra er talað um húsnæðisúrræði og sértækt húsnæðisúrræði. Lögð er áhersla á að þjónustan eigi að vera einstaklingsmiðuð og taka mið af þörfum hvers og eins. Hvað varðar húsnæði er lögð áhersla á að húsnæði sem tekið er í notkun eftir breytingu á reglugerð skuli uppfylla almennar kröfur sem gerðar eru um húsnæði. Íbúðir eiga að lágmarki vera 40-60 fermetrar að stærð, vera í almennri íbúðabyggð, og leitast skal við að þær séu í nágrenni við þjónustumiðstöð þar sem gera má ráð fyrir viðveru stuðningsaðila. Í reglugerð er einnig áréttað að fjöldi íbúða skuli ekki fara yfir ákveðin mörk. Þjónustuaðilum er veittur frestur fram til 1. júlí 2013 að uppfylla skilyrði varðandi eldra húsnæði.

Í samræmi við þetta og samkvæmt *Stefnu Akureyrarbæjar í búsetumálum fólks með fötlun* er verið að vinna að því að loka þeim herbergjasambýlum sem enn eru í notkun. Stefna Akureyrarbæjar í búsetumálum fólks með fötlun sem samþykkt var í bæjarráði 2003 hafði það að markmiði að fyrir árslok 2013 væri hægt að bjóða öllum í búsetu upp á sér íbúðir. Því miður hefur ekki tekist að halda tímaáætlun stefnunnar en ýmislegt hefur áunnist þó svo að um síðustu áramót hafi enn verið eftir fimm herbergjasambýli þar sem bjuggu 23 einstaklingar.



Mynd 22 – Samsetning búsetupjónustu fyrir fatlað fólk 2002-2012

8.1 Sambýli og íbúðakjarnar fyrir fólk með þroskahömlun

Í íbúðakjörnum og sambýlum fær fatlað fólk aðstoð við að halda heimili og taka virkan þátt í samfélaginu eftir getu og óskum hvers og eins. Taflan hér að neðan sýnir þróunina sem orðið hefur á sambýlum og íbúðakjörnum þar sem er sólarhringsþjónusta. Stöðugildin eru miðuð við 31. desember ár hvert.

Á síðasta ári var tveimur herbergjasambýlum Brálundi og Ægisgötu lokað. Þá var tekin í notkun íbúðakjarni að Hafnarstræti þar sem veitt er sólarhringsþjónusta og fjórir íbúar búa. Jafnframt var gerð breyting á húsnæðinu í Þrastarlundi þannig að nú eru þar íbúðir og um leið var húsið stækkað þannig að fleiri geta búið þar.

Í töflu 2 að sést hvaða íbúðakjarnar og sambýli hafa verið starfræktir frá árinu 2010, hvað margir búa á hverjum stað og hver mönnun er. Eitt sambýlið, við Glerá, er húsnæði sem ættingjar íbúanna fjögurra tóku að leigu og veitir búsetudeild íbúum þjónustu.

Tafla 3 – Sambýli og þjónustukjarnar fyrir fólk með þroskahömlun

Sambýli og þjónustukjarnar fyrir fólk með þroskahömlun							
		2010		2011		2012	
	Tegund búsetu	Íbúar	Stöðugildi	Íbúar	Stöðugildi	Íbúar	Stöðugildi
Þórunnarstræti	Herbergjasambýli	4	3,7				
Dvergagil	Herbergjasambýli	4	7,8				
Ægisgata	Herbergjasambýli	3	4,6	4	4,4		
Ægisgata	Sérbyli	1	5,5	1	4,6		
Brálundur	Herbergjasambýli	2	8,1	2	8,2		
Klettatún	Íbúðakjarni	7	9	7	9	7	8
Geislatún	Íbúðasambýli	5	9	5	9,9	4	9,9
Hafnarstræti	Herbergjasambýli	5	10	5	9,1	4	9,1
Jörvaþýggð	Herbergjasambýli	5	2,2	5	1,7	5	2
Þrastarlundur	Herbergjasambýli	5	11	5	11	7	16
Snægil	Herbergjasambýli	6	9,1	6	10	6	9,4
Dvergagil	Herbergjasambýli	4	5,9	4	6,5	4	6,5
Kjalarsíða	Íbúðakjarni			7	9,1	7	9,7
Hafnarstræti	Íbúðakjarni					4	10
Búsetuþjónusta við Glerá	Herbergjasambýli					4	3,9
Samtals		51	85,9	51	83,5	52	84,5

Til viðbótar við þá íbúðakjarna sem hér eru nefndir eru nokkrir kjarnar, það er að segja nokkrar íbúðir í nálægð við hver aðra þar sem þjónusta er veitt til fatlaðra einstaklinga, sem við teljum ekki með í töflunni. Ekki er skipulögð vakt þar allan sólarhringinn og þjónusta sem þangað er veitt telst til heimaþjónustu, eða sérstakrar heimaþjónustu.


8.2 Áfangaheimili og íbúðakjarnar fyrir geðfatlað fólk

Í Hamratúni er áfangaheimili fyrir geðfatlað fólk, fimm íbúðir til búsetu og ein íbúð er til sameignlegrar notkunar. Sex einstaklingar bjuggu þar árið 2012. Búseta þar er tímabundin og setja íbúar sér markmið með dvölinni í samstarfi við starfsfólk.

Árið 2012 bjuggu 11 einstaklingar í íbúðakjörnum fyrir geðfatlað fólk í Vallartúni og Skútagili. Heildar stöðugildi á þessum þremur stöðum eru 16,7. Þjónusta við geðfatlað fólk hefur breyst mikið undanfarin ár og nú býr engin til langframa á sjúkrastofnun eins og tíðkaðist til skamms tíma. Mikið og gott samstarf hefur verið við geðdeild sjúkrahússins á Akureyri og með tilkomu þessara auknu þjónustu var það eflt enn frekar. Sami starfsmannahópur sinnir íbúðakjörnunum og áfangaheimilinu.

8.3 Biðlistar eftir búsetuþjónustu

Biðlisti eftir búsetu stýttist nokkuð á síðasta ári og í árslok 2012 voru í heild 17 á biðlista eftir sérhæfðri búsetu. Biðtími er mislangur og fer eftir því hvers kyns þjónustuúrræði umsækjandi þarf.




Mynd 23 – Virkur biðlisti eftir búsetu með þjónustu

Þegar búið er að taka tillit til þeirra sem ekki óska eftir búsetu strax og/eða eru þegar í búsetu en óska flutnings voru samtals 12 á virkum biðlista eftir búsetu með þjónustu í árslok 2012. Á mynd 23 má sjá hvernig umsóknir skiptast eftir búsetuúrræði sem sótt er um. Unnið hefur verið að því að leysa húsnaðisþörf fatlaðra með leiguíbúðum. Á þann hátt hefur verið hægt að þjóna jafnvel mikið fötluðum einstaklingum sem þurfa þjónustu allan sólarhringinn. Þjónustan er þá samvinnuverkefni almennrar heimaþjónustu sveitarfélagsins, sérstakrar heimaþjónustu/frekari liðveislu og heimahjúkrunar.

Ekki þurfa allir sérútbúið húsnaði og oft snýst umsókn um búsetu fyrst og fremst að þjónustu. Það er þó ljóst að nokkur hópur umsækjenda mun þurfa sérútbúið húsnaði, til þess að geta flust úr foreldrahúsum.


9 Skammtímavistun

Skammtímavistun fatlaðs fólks er stoðþjónusta þar sem fjölskyldur fatlaðra barna eiga kost á því að börnin njóti tímabundinnar dvalar þegar þörf krefur. Sama gildir um ungmenni og fullorðið fatlað fólk sem enn býr í foreldrahúsum. Flestir nýta sér helgarþjónustu en aðrir dvelja allt að viku í senn. Veitt er neyðarvistun ef óvænt atvik koma upp í fjölskyldunni. Skammtímavistun veitti alls 21 einstaklingi þjónustu á árinu, 12 voru yngri en 18 ára en níu fullorðnir.



Mynd 24 – Skammtímavistun 2002-2012

Eins og sjá má á mynd 24 hefur notendum skammtímavistunar heldur fækkað en þeir eru meira fatlaðir en áður og þurfa þar af leiðandi mikla þjónustu. Því hefur ekki orðið jafn mikil fækkun í dvalarsólarhringum eins og sjá má á mynd 25.



Mynd 25 – Skammtímavistun fyrir fatlaða, fjöldi dvalarsólarhringja 2002-2012

Húsnæði skammtímavistunar við Skólastíg 5 er á þremur hæðum og hentar ekki nægilega vel fyrir starfseminu, bæði vegna aðgengis- og öryggismála. Gamli húsmæðraskólinn við

Þórunnarstræti var keyptur og hafinn undirbúningur að breytingum. Stefnt er að því að skammtímvistun og skólavistun fyrir 10-20 ára börn og ungmenni flytji þangað í febrúar 2014



Í skammtímvistun er lögð áhersla á að:

- skapa aðstæður sem gefa fötluðum gestum kost á að kynnast og umgangast aðra gesti í gegnum leik og starf.
- gestirnir séu þátttakendur í öllum störfum svo sem mögulegt er.
- þjálfun fléttist inn í leik og dagleg störf og sé sem ósýnilegust.
- hver og einn gestur fái notið sín á eigin forsendum.
- upplyfting og skemmtun sé við hæfi hvers og eins.

Lögð er áhersla á fjölbreytni og skemmtun. Þjónustan er skipulögð út frá því að mæta gestum á einstaklingsgrundvelli og nýta þeirra styrkleika. Horft er á mikilvægi þess að viðhalda og auka þá færni sem er til staðar í gegn um leik.

Lögð er áhersla á útivist, hreyfingu og skapandi starf eins og hægt er fyrir hvern og einn.

Vistunarsólarhringar voru alls 2.020 árið 2012

Skiptingin var ;

Fullorðnir: 887 sólarhringar þar af 130 neyðarvistunarsólarhringar

Börn: 1133 sólarhringar þar af 118 neyðarvistunarsólarhringar

10 Árholt

Frá og með hausti 2003 hefur verið skólavistun í Árholti fyrir börn á aldrinum 10-16 ára sem eru með skilgreinda fötlun og ekki geta nýtt sér önnur úrræði. Starfsemin er með svipuðu sniði og í öðrum skólavistunum, þ.e. nemendur sinna heimanámi, í boði eru ýmis tómstundatilboð, frjáls leikur, útivera og vettvangsferðir. Opnunartími er kl. 13 – 17.

Á sumrin er rekin sumardagvistun í Árholti fyrir sama markhóp en þá er aldursbilið 6 – 16 ára og opnunartími frá kl. 8 – 16.



Hlutverk/markmið þjónustunnar í Árholti:

Mynd 27 – Árholt

- Lögð er áhersla á að Árholt sé nemendum fastur punktur í tilverunni, þar sem gott er að koma og dvelja við skapandi störf og leiki að skóladegi loknum. Hlúð er að grunnþörfum barnanna með virkri þátttöku þeirra. Með virkri þátttöku er átt við að ýtt er undir sjálfsbjargargetu barnanna í athöfnum daglegs lífs.
- Veita börnunum einstaklingsmiðaða þjónustu.
- Skapa börnunum skilyrði til að efla félagsfærni sína.
- Vera í virku samstarfi við skóla og heimili.

16 börn nýttu sér þjónustu Árholts árið 2012 samtals 1930 þjónustudaga.